

Nr. 169 / 13 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 1275
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m *Skráð lengd*: 51,45 m
Breidd: 9,5 m *Dýpt*: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, og Hilmar Snorrasynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. september 2013 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum. Veður: 5-8 m/s.

Tveir skipverjar voru að taka á móti afla í lest skipsins og voru þeir að umstafla körum. Þegar þeir höfðu lyft upp einu kari féll færiband af kari í efstu röð niður á herðar annars skipverjans. Til að koma félagá sínum, sem stóð undir færibandinu, til hjálpar sleppti hann takinu á karinu sem þá féll niður á pláss. Hinn skipverjinn náði ekki að sleppa takinu og urðu fingur hans á milli karanna.

Við rannsókn kom fram:

- að færibaldið var látið liggja á brúnum þess kars sem verið var að setja í á hverjum tíma. Á enda þess var U-skúffujárn sem átti að falla ofan á karabrunina svo það drægist ekki út af henni;
- að slasaði taldi að færibaldið hafi setið skakkt á karinu og það runnið út af því;
- að fingur slasaða klemmdust á milli karanna;
- slasaði vissi ekki til þess að færibaldið hefði áður fallið með þessum hætti;
- að slasaði leitaði læknis tveimur túrum síðar þar sem hann taldi á bólgur hrjáðu hann en þá kom í ljós að langatöng hægri handar hafði brotnað.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.